

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Barðavogur 24.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 11. febrúar 2022, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, breytingu á deiliskipulagi Vogahverfis vegna lóðarinnar nr. 24 við Barðavog. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar, stækkun hússins og aukning á nýtingarhlutfalli. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Fornhagi 8.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 25. febrúar 2022, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, breytingu á deiliskipulagi við Neskirkju vegna Fornhaga 8 (Hagaborgar). Breytingin felst í því að skilgreina nýjan byggingarreit fyrir færanlegt leikskólahúsnæði í norðurhluta lóðarinnar og auka byggingarmagn á lóðinni um 400 m². Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 1. mars 2022.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 2. mars 2022